

Elín
Smáradóttir/STJ/Orkustofnun/IS

15.12.2006 08:26

To Lára Kristín Sturludóttir/STJ/Orkustofnun/IS@Os

cc

bcc

Subject Fw: Umsögn um matsskyldu borunar eftir jarðhita við Álftavatn, Rangárþingi ytra.


Sæl

Ég veit ekki hvort Hákon sendi þér þessa umsögn.

Kv.ES

----- Forwarded by Elín Smáradóttir/STJ/Orkustofnun/IS on 15.12.2006 08:28 -----

Áskriftir:



ORKUSTOFNUN
Orkumálasvið

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2006
Tilvísun: 2006120002
Bréfalykill: 22.2

Efni: Umsögn um matsskyldu borunar eftir jarðhita við Álftavatn, Rangárþingi ytra.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 30. nóvember 2006, þar sem óskað er eftir umsögn Orkustofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar skv. 6. gr. og tl. 2c ii í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og með hliðsjón af 3. viðauka í sömu lögum.

Framkvæmdin varðar borun eftir heitu vatni, sem áætlað er að geti runnið frá háhitasvæðinu í Torfajökli. Á svæðinu eru laugar með allt að 40 stiga heitu, fremur kolsýruríku vatni. Það, ásamt niðurstöðum viðnámsmælinga, þykir gefa væntingar um heitt vatn, sem unnt yrði að nýta í þágu þeirrar aðstöðu sem Ferðafélags Íslands hefur við Álftavatn. Ráðgjafar búa framkvæmdaaðila undir að þurfa bora niður á allt að 600 m dýpi. Öll lýsing á aðstæðum bendir til borunar á venjubundinni lághitaholu sem yrði boruð með loftborstækni og með tæki sem ekki krefst þess að gert sé sérstakt borplan, og því eru allar líkur á að rask verði fremur lítið og auðvelt að ganga þannig frá að náttúran jafni landið á örfáum árum. Laugarnar eru fjarri borsvæðunum og ólíklegt að heitavatnsnámið muni geta raskað þeim.

Niðurstöður:

Það heita vatn sem hugsanlega næðist með borunum við Álftavatn er að öllum líkindum affallsvatn af háhitasvæðinu sem kennt er við Torfajökul, og ólíklegt að sú smávægilega

nýting sem stefnt er að muni hafa áhrif á jarðhita svæðisins. Stofnunin telur ekki líklegt að af borun verði umtalsvert rask, verði vel að henni staðið. Orkustofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum þeirra.

Virðingarfyllt

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir